

## Tillögur til 31. aðalfundar

### Landssambands smábátæigenda afgreitt af sjávarútvegsnefnd

#### Strandveiðar

1. Aðalfundur LS vill að strandveiðar verði festar í sessi til framtíðar. Aðalfundurinn krefst þess að strandveiðar verði ennfremur eflðar á þeim grunni sem strandveiðinefnd LS lagði til á sínum tíma sem „Standveiðar til framtíðar. Það er strandveiðar í 4 mánuði, 4 daga í viku, 4 rúllur á bát, 650 þíg. kg í róðri.
2. Aðalfundur LS leggur til að eigendaákvæði í strandveiðikerfinu verði fellt út, eftir sem áður megi hver útgerð aðeins eiga einn strandveiðibát.

#### Makrill

3. Aðalfundur LS mótmælir harðlega kvótasetningu á makrill og skorar á stjórnvöld að taka upp fyrra stjórnkerfi við veiðar smábáta á makrill.
4. Aðalfundur LS vill að ekki verði kvikað frá kröfunni um 16% hlutdeild smábáta í útgefnum heildarafla.

#### Byggðakvóti

5. Aðalfundur LS vill að byggðakvóti verði nýttur af dagróðrabátum og honum úthlutað við löndun sem ívilnun á kvóta.

## Línuívilnun

6. Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að standa vörð um línuívilnun og hún nái til allra dagróðrabáta.

## Kvóti og úthlutunarreglur - aflaregla

7. Aðalfundur LS vill að þorskvótinn verði aukinn í 270 þúsund tonn.
8. Aðalfundur LS vill að aukið verði við aflamark í ýsu strax á þessu fiskveiðíári í 50 þúsund tonn.
9. Aðalfundur LS vill að aflamark í steinbít verði strax aukið í 10 þúsund tonn.
10. Aðalfundur LS lýsir vonbrigðum með að ekki sé heimiluð meiri heildarveiði í þorski og skorar á stjórnvöld að færa aflareglu í fyrra horf. Hafrannsóknastofnun á ekki að hafa heimild til að ákveða einhliða aflareglu án umræðu og samráðs við stjórnvöld og atvinnugrein.
11. Aðalfundur LS skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að hækka hlutdeild krókabáta í ýsu í 25% af heildarúthlutun sem er í samræmi við veiðar þeirra undanfarin ár.
12. Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.
13. Aðalfundur LS fordæmir vinnubrögð stjórnvalda að færa ráðherra óheft völd hvernig úthlutað er til strandveiða, línuívilnunar og byggðakvóta. Þessi ráðstöfun er algerlega á skjön við heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu og til þess eins að leiða til sundrungar og spillingar.
14. Aðalfundur LS leggur til að óheimilt verði að stunda handfæraveiðar þar sem hlutfall undirmáls í þorski fer yfir 10% af þyngd. Þeir bátar sem ítrekað eru staðnir að slíku skuli sæta viðurlögum.

## Grásleppuveiðar

15. Aðalfundur LS leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á gráslepputrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.

### Greinargerð

Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

16. Aðalfundur LS hafnar þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun beitir við stofnstærðarmælingar á grásleppu og þeirri ráðgjöf sem á henni er byggð.
17. Aðalfundur LS leggur til að andvirði grásleppuafla sem veiddur er eftir að úthlutuðum veiðidögum hvers báts lýkur renni í ríkissjóð og myndi ekki viðmiðun til byggðakvóta.
18. Aðalfundur LS leggur til að stjórnun grásleppuveiða verði með óbreyttum hætti og fjöldi veiðidaga taki mið af markaðsaðstæðum.
19. Aðalfundur LS leggur til að heimildir til rannsóknaveiða á grásleppu verði boðnar út.

## Aðrar ályktanir frá sjávarútvegsnefnd

20. Aðalfundur LS vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.
21. Aðalfundur LS vill að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.
22. Aðalfundur LS vill að handfæraívilnun verði komið á.
23. Aðalfundur LS mótmælir þeirri ákvörðun sjávarútvegsráðherra að framselja vald til ákvörðunar á heildarafla og þar með líf skjörum þjóðarinnar til Hafrannsóknastofnunar. Fundurinn leggur áherslu á að við ákvörðun um heildarafla hvers fiskveiðisárs verði sjávarútvegsráðherra skylt að leita til óháðra aðila er varðar áreiðanleika og áhrifum á helstu markaði

24.

## Tillögur að grásleppunefnd 2015/2016

### Aðalmenn:

Birgir Ingvarsson, Bakkafirði

Andri Viðar Víglundsson, Ólafsfirði

Hafþór Jónsson, Patreksfirði

Haukur Einarsson, Reykjavík

Guðmundur Jónsson, Hafnarfirði

Valentínus Guðnason, Stykkishólmi

Guðmundur R. Guðmundsson, Drangnesi

### Varamenn

Kári Borgar Ásgrímsson

Þórður Birgisson

Bæring Gunnarsson

Hilmar Zophoniasson